

Fundargerð

Þriðjudaginn 13. desember 2022 kl. 09:00 kom eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) saman til fjarfundar á teams.

Fundinn sátu Þórir Ólafsson formaður, Gerður Guðjónsdóttir, Oddur Jónsson og Gústav Aron Gústavsson sem ritaði fundargerð.

1. Strandabyggð

Lagt var fram bréf frá innviðaráðuneytinu, dags. 2. desember 2022, og bréf frá Strandabyggð, dags. 29. nóvember 2022, varðandi beiðni um að setja álag á útsvar á árinu 2023. Í bréfi ráðuneytisins er óskað eftir við EFS að gera tillögu til ráðherra með hliðsjón að beiðni sveitarfélagsins á grundvelli 1. mgr. 83 gr. sveitarstjórnarlaga 138/2011.

Erindi Strandabyggðar varðar beiðni um að áður umbeðin og samþykkt heimild til að setja álag á útsvar haldi sér og að álagningarhlutfall útsvars verði 14,95% á árinu 2023. Fram kemur í bréfi Strandabyggðar að í skýrslu sem Ráðrík vann fyrir sveitarfélagið er lagt til að sett verði álag á útsvar og að þeim fjármunum verði varið til framkvæmda. Ljóst er að það er mikil framkvæmdarþörf í sveitarfélaginu og jafnframt greindist nýverið mygla í Grunnskóla Hólmavíkur og beðið er eftir skýrslu frá Eflu um tillögur til úrbóta. Fyrirséð er þó að það verður verulegur kostnaður að laga húsnæðið.

Nefndin fór yfir gögn málsins og ekki liggur fyrir hvort miklar breytingar hafa orðið í rekstri Strandabyggðar frá því að skýrsla Ráðríkar var birt. Líklegt er því að forsendur fyrir því að setja álag á útsvar séu óbreyttar. Mikil óvissa er um hver kostnaður Strandabyggðar verður vegna grunnskólans og þess fyrir utan er mikil framkvæmdarþörf. Ákveðið var að styðja við ákvörðun sveitarstjórnar að leggja álag á útsvar til bæta fjárhagsstöðuna og til fjárfestingar, og mun álagningarhlutfall útsvars á árinu 2023 vera 14,95%.

2. Önnur mál

Enginn önnur mál.